



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Rómeó og Júlía

13. maí 2015





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

## Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikunum verður útvarpað á uppstigningardag, 14. maí kl. 19:00, á Rás 1 og verða þeir þá aðgengilegir í tvær vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is).

Tónleikunum er sjónvarpað beint í tilraunaskyni til allra notenda Sjónvarps Símans og verða aðgengilegir í Tímaflakkinu í 24 tíma.

## Áætluð tímalengd verka:

*Capriccio espagnol*: 16'

*Rómeó og Júlía*: 20'

*Porgy og Bess*: 24'

*West Side Story*: 23'

Mynd á kápu:

Dean Ferrell og Páll Hannesson, kontrabassaleikarar.

© Ari Magg

Aðalstyrktaraðili:

**GAMMA**



@icelandsymphony

#sinfó

[www.sinfonia.is](http://www.sinfonia.is)

# Rómeó og Júlía

Tónleikar í Eldborg 13. maí 2015 » 19:30

**Rico Saccani** hljómveitarstjóri

**Níkolaj Rímskij-Korsakov** *Capriccio espagnol, op. 34 (1887)*

*Alborada*

*Variazioni*

*Alborada*

*Scena e canto gitano*

*Fandango asturiano*

**Pjotr Tsjajkovskij**

*Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur (1869/1880)*

Hlé

**George Gershwin**

*Porgy og Bess, sinfónískar myndir (1935/1942)*

(úts. Robert Russell Bennett)

**Leonard Bernstein**

*Sinfónískir dansar úr West Side Story (1957/1960)*

*Forleikur (Allegro moderato)*

*Somewhere (Adagio)*

*Scherzo (Vivace leggiero)*

*Mambo (Presto)*

*Cha-cha (Andantino con grazia)*

*Ástarfundur (Meno mosso)*

*Svalir strákar (Allegretto)*

*Bardaginn (Molto allegro)*

*Niðurlag (Adagio)*

## Rico Saccani

hljómssveitarstjóri



Rico Saccani er íslenskum tónleikagestum að góðu kunnur enda var hann aðalstjórnandi Sinfóníuhljómssveitar Íslands á árunum 1998–2002. Hann gegndi nýlega stöðu aðalstjórnanda og listræns stjórnanda Fílharmóníuhljómssveitarinnar í Búdapest og var einnig aðalgestastjórnandi við Ungversku Þjóðaróperuna.

Ferill Saccanis hófst þegar hann hreppti fyrstu verðlaun í alþjóðlegu Herbert von Karajan-hljómssveitarstjórakeppninni í Berlín árið 1984. Hann var þegar í stað ráðinn til að stjórna útvarpshljómssveitunum í Berlín og Stuttgart, sem og Konunglegu dönsku fílharmóníunni. Frumraun hans sem óperustjórnandi var árið 1985 þegar hann stýrði *Un giorno di regno* eftir Verdi í Verona. Í kjölfarið stjórnaði hann *La traviata* við Parísaróperuna og Vínaróperuna, sem og *La bohème* við óperuhúsið í Philadelphiu með Luciano Pavarotti í aðalhlutverki, og var þeirri uppfærslu sjónvarpað um öll Bandaríkin.

Saccani hefur starfað með ótal virtum hljómssveitum víða um heim. Hann hefur stjórnað við Þjóðaróperuna í Hamborg, óperuna í Lyon, Róm, Dresden og Köln, við Metropolitan-óperuna í New York þar sem hann stjórnaði *Il trovatore*, *La traviata* og *Aida*. Þá hefur hann stjórnað við Arenuna í Verona, á Maggio Musicale í Flórens og Santander-hátíðina á Spáni. Saccani átti hugmyndina að „Verdi-maræþoni“ við Ungversku Þjóðaróperuna í janúar 2000, þar sem hann stjórnaði sjö óperum Verdis á níu dögum. Sama ár hélt hann með Sinfóníuhljómssveit Íslands í tónleikaferð um Bandaríkin þar sem meðal annars voru haldnir tónleikar í Carnegie Hall í New York og Kennedy Center í Washington D.C. Árið 2005 var honum veitt heiðursorða Ungverjalands fyrir framlag sitt til tónlistarlífs í landinu í meira en tvo áratugi.

Rico Saccani mun stjórna upphafstónleikum Sinfóníuhljómssveitar Íslands næsta haust þar sem Kristinn Sigmundsson syngur þekktar óperuáriur.

## Níkolaj Rímskíj-Korsakov

Capriccio espagnol



Níkolaj Rímskíj-Korsakov (1844–1908) gekk í herskóla og var liðsmaður í rússneska flotanum áður en hann helgaði líf sitt tónlistinni. Hann tilheyrði hópi fimm tónskálda (ásamt þeim Balakírev, Borodín, Músorgskíj og César Cui) sem kölluðu sig „nýrússneska skólann“ og áttu það sameiginlegt að vilja skapa þjóðlega rússneska tónlist; samtímamenn þeirra gáfu þeim viðurnefnið „mektarsveitin“ (*mogútsjaja kútsjka*). Flest verka Rímskíj-Korsakovs byggja því á rússneskum stefjum, en í *Spænskri glettu* (Capriccio espagnol) leitar hann langt út fyrir landsteinana. Í þessu fylgdi hann tískustrauami samtímans, því að undir lok 19. aldar og á fyrstu áratugum hinnar 20. gerðu tónskáld víða um álfuna – ekki síst frönsk tónskáld – sér far um að semja spænska tónlist. Þar nægir að nefna *Carmen* eftir Bizet, *Symphonie espagnole* eftir Lalo og *España* eftir Chabrier.

Rímskíj-Korsakov samdi verk sitt árið 1887 og hugsaði sér það upphaflega fyrir fiðlu og hljómsveit. Hann skipti þó fljótt um skoðun og þegar upp var staðið var kaprísan hljómsveitarverk án einleikara, í fimm köflum sem renna saman án hlés. Hvarvetna má heyra hvílíkum hæfileikum tónskáldið bjó yfir þegar kom að hljómsveitarútsetningu, því sem kallað er *instrumentation* á erlendum tungum. Rímskíj-Korsakov samdi ekki við píanó heldur setti útsetninguna beint á blað og hafði fullkomið vald á hinum ólíku samsetningum hljóðfæranna sem símfóníuhljómsveitin gefur kost á.

Verkið hefst á fjörugum morgunsöng (*Alborada*) með einleikskadensum fyrir fiðlu og klarínnett. Þá tekur við angurvært stef með fimm tilbrigðum, en að því loknu er morgunsöngurinn endurtekinn með breytingum bæði í tóntegundum og hljóðfæraskipan. Fjórði þáttur („Scena e canto gitano“ eða sígaunalag með forspili) er lengsti kafli verksins. Forspilið einkennist af dulúðugum einleiksstrófum í tréblásturshljóðfærum og hörpu, en lagið sjálf er kraumandi af blóðheitri sígaunastemningu eins og yfirskriftin ber með sér. Ekki dettur spennan niður í lokakaflanum, eldhressum fandangó þar sem allt er gefið í botn.

### Tónlistin á Íslandi

Capriccio espagnol hljómaði fyrst á tónleikum á Íslandi flutt af Símfóníuhljómsveit Flughers Bandaríkjanna árið 1954. Sí lék það fyrst í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Bohdans Wodiczko árið 1961, og aftur í Háskólabíói undir stjórn Karstens Andersen 1977. Síðast lék hljómsveitin verkið haustið 2003 undir stjórn Rumons Gamba.

## Pjotr Tsjajkovskíj

Rómeó og Júlía, fantasíuforleikur



Pjotr Tsjajkovskíj (1840–1893) stundaði tónlistarnám í Sankti Pétursborg og útskrifaðist úr tónlistarháskóla borgarinnar 25 ára gamall. Skömmu síðar bauðst honum kennarastaða við nýstofnaðan tónlistarháskóla í Moskvu og þar kenndi hann í rúman áratug. Í Moskvu kynntist Tsjajkovskíj tónskáldinu Mili Balakirev, sem var mikill áhrifavaldur á þjóðlegan stíl rússneskra tónskálda um þetta leyti. Balakirev leitaðist við að finna jafnvægi milli hinna klassísku vestrænu hefða og rússnesks þjóðaranda í tónsköpun, og var músíkalskur lærifaðir Músorgskíjs, Rimskíj-Korsakovs og Borodins, svo nokkrir séu nefndir. Hann reyndist Tsjajkovskíj einnig vel og líklega hefði forleikurinn um Rómeó og Júlíu aldrei litið dagsins ljós ef ekki hefði verið fyrir tilstilli Borodins.

Ekki verður annað sagt en að vel hafi tekist til, því að í hljómsveitarforleik Tsjajkovskíjs renna form og innihald saman á sérlega vel heppnaðan hátt. Verkið hefst á hægum inngangi sem hefur á sér trúarlegan blæ og lýsir Bróður Lárens í klausturklefa sínum. Meginhluti forleiksins er í sönötuformi, og tvær meginhugmyndir eru ráðandi. Fyrri stefið er ágengt og ofsafengið og lýsir óvináttu Kapúlett- og Montag-ættanna, en hið seinna lýsir ástum Rómeós og Júlíu. Niðurlagið byggir einnig á ástarstefinu, en nú hefur það breyst í lífvana útfararmars.

Segja má að Tsjajkovskíj hafi fundið sína eigin rödd með forleiknum um Rómeó og Júlíu. Hann var tiltölulega óreyndur sem hljómsveitartónskáld og hafði aðeins samið eina sinfóníu, enda ekki nema 29 ára gamall. Tsjajkovskíj sótti aftur í sjóð Shakespeares síðar á ferlinum – forleiki byggða á *Ofviðrinu* (1873) og *Hamlet* (1878) – en hvorugt þessara verka skákar þó Rómeó og Júlíu-forleiknum hvað vinsældir varðar.

---

### Tónlistin á Íslandi

Forleikur Tsjajkovskíjs hefur hljómað alloft í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, til dæmis undir stjórn Olavs Kjelland (1960), Gabriels Chumra (1978), Barrys Wordsworth (1987) og Pietari Inkinen (2007). Sinfóníuhljómsveit Norðurlands flutti verkið árið 2007 undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar. Ungsveit SÍ lék forleikinn á tónleikum sínum í Eldborg síðastliðið haust undir stjórn Petri Sakari.

## George Gershwin

Porgy og Bess, símfónískar myndir



Broadway-söngleikurinn var enn að slíta barnsskónum þegar George Gershwin (1898–1937) hóf feril sinn sem tónskáld. Í upphafi bar mest á revíum þar sem rýr söguþráður hélt uppi röð óskyldra laga eftir ýmsa höfundum, en Gershwin setti markið hærra. Irving Berlin sagði eitt sinn um hann: „Við hinir vorum bara lagasmiðir. George var tónskáld.“ Þar hafði hann á rétту að standa. Gershwin einsetti sér að brúa bilið milli evrópskrar og bandarískrar tónlistar. Fyrst kom *Rhapsody in Blue* fyrir píanó og hljómsveit (1924) og píanókonsert ári síðar. Gershwin var fyrsta söngleikjaskáldið sem stúderaði tónsmíðar klassískra og nútímameistara, var þaukunnugur *Wozzeck* eftir Alban Berg, lék tennis við Arnold Schönberg og kynntist Ravel þegar hann dvaldi í París að semja *Ameríkumann í París* árið 1928.

Þá hafði Gershwin nýlesid skáldsöguna *Porgy* eftir bandaríska skáldið DuBose Hayward. Hann hreifst af henni undir eins, ritaði höfundinum bréf og bað um leyfi til að semja óperu um söguna. Árið 1932 hófust þeir loks handa og það tók Gershwin hálf tann ár að semja tónlistina. Sögusviðið er fátækrahverfið Catfish Row. Þar býr meðal annars Porgy, farlama ölmusumaður sem ferðast um á hjólavagni. Hann fellur fyrir Bess sem á vafasama fortíð og er háð „gleðiduftinu“ sem Sportin’ Life útvegar henni. Porgy drepur einn keppinaut sinn um ástir Bess og er því hneptur í gæsluvarðhald, en á meðan stingur hún af til New York með dópsalanum. Þegar Porgy er látinn laus heldur hann óbugaður af stað til stórborgarinnar á hjólavagninum til að finna ástina á ný.

Metropolitan-óperan sýndi verkinu áhuga en treysti sér ekki til að lofa nema tveimur sýningum á svo eldfimu og ótryggu efni. Að lokum var *Porgy og Bess* frumsýnt í Alvin-leikhúsinu í New York í október 1935. Sýningar urðu 124 talsins, sem þótti lítið á Broadway. Fjórðar tölpuðu öllu því fé sem þeir höfðu lagt í sýninguna, samtals 70.000 Bandaríkjadöllum. Gershwin missti þó aldrei trúna á verk sitt og lét sig jafnvel dreyma um að það yrði kvikmyndað, eins og hann ritaði Hayward árið 1937:

### Tónlistin á Íslandi

Hljómsveitarsvíta Bennetts úr *Porgy og Bess* hefur hljómað nokkrum sinnum í flutningi SÍ, fyrst undir stjórn Bohdans Wodiczko árið 1965. Einnig hafa atriði úr óperunni verið flutt með söngvurum, undir stjórn Richards Kapp 1974, Murrays Sidlin 1988 og Daniels Swift 1991. SÍ flutti *Porgy og Bess* í lítið eitt styttri konsertuppfærslu haustið 2010 undir stjórn Wayne Marshall ásamt erlendum einsöngvurum, Hljómeyki og Kór Áskirkju.

„Ég er þess fullviss að það er aðeins tímaspursmál hvenær óperan okkar verður framleidd í þessu formi. Tónlistin er stöðugt flutt og áhuginn hvarvetna mikill.“

Fáeinum mánuðum síðar var Gershwin allur. Heilaæxli dró hann til dauða aðeins 38 ára að aldri, og Heyward lést árið 1940. Ira Gershwin var sá eini af þríeykinu sem lifði að sjá *Porgy og Bess* vinna sér sess á óperusviðum heimsins. Fyrsta uppfærslan í Evrópu var í Kaupmannahöfn 1943 þrátt fyrir áköf mótmæli nasistastjórnarinnar – sagt er að danska andspyrnuhreyfingin hafi ítrekað rofið sendingar Berlínarútvarpsins með laginu *It Ain't Necessarily So*. Í kjölfarið fylgdu La Scala, Vínaróperan, Glyndebourne, og Metropolitan-óperan árið 1985, ríflega hálfri öld eftir að fyrstu samningaumleitanir höfðu farið fram.

Gershwin gerði sjálfur hljómsveitarsvítu með þeim þáttum verksins sem honum þóttu hafa heppnast best, og kallaði hana *Catfish Row* (1936). Þar vantar þó suma vinsælustu söngva óperunnar og því óskaði hljómsveitarstjórinn Fritz Reiner eftir því árið 1942 að Robert Russell Bennett, fyrrum samstarfsmaður tónskáldsins, gerði nýja svítu þar sem allir smellirnir ættu sinn stað. Reiner lagði sjálfur línurnar með val þáttanna sem eru eftirfarandi:

1. Götulífið við Catfish Row
2. Upphaf 3. þáttar („Clara, Clara“/Requiem)
3. Upphaf 1. þáttar
4. Summertime
5. I Got Plenty O' Nuttin'
6. Ofviðri
7. Bess, You Is My Woman Now
8. Lautarferð (Oh, I Can't Sit Down)
9. There's a Boat That's Leavin' Soon for New York
10. It Ain't Necessarily So
11. Niðurlag (Oh, Lawd, I'm On My Way)





## Leonard Bernstein

Sinfónískir dansar úr *West Side Story*

Leonard Bernstein (1918–1990) var vonarstjarna bandarískrar tónlistar áratuginn eftir síðari heimsstyrjöldina og bræddi saman djass og alvarlegri músík af kunnáttu sem fáum var gefin. Allt frá því söngleikurinn *West Side Story* (Saga úr Vesturbænum) var sýndur í fyrsta sinn í ágúst 1957 hefur hann þótt eitt af meistaraverkum söngleikjahéðarinnar á Broadway og jafnframt verið vinsælasta tónsmíð Bernsteins.

Dansahöfundurinn Jerome Robbins átti hugmyndina að því að endurgera *Rómeó og Júlíu* Shakespeares og færa sögusviðið til Manhattan í samtímanum. Tvö gengi götustráka – Þotur og Hákarlar – berjast um völd og tilveran kemst í uppnám þegar Tony og María fella hugi saman þvert á viðurkennd landamæri. Í einum bardaganum drepur Tony bróður Maríu og skömmu síðar liggur hann sjálfur í valnum. Bernstein samdi mörg sín innblásnustu lög fyrir söngleikinn og kveðskapur Stephens Sondheim, sem síðar varð eitt helsta söngleikjaskáld Bandaríkjanna, stendur lögunum síst að baki. *Somewhere* er eitt frægasta söngleikjalag allra tíma – óður ungra elskenda til bjartari framtíðar, þar sem ættir og klíkur skipta ekki máli og ástin sigrar allt.

## Tónlistin á Íslandi

*Sinfónískir dansar Bernsteins hafa fjórum sinnum áður hljómað í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Þá héldu um tónsprotann Murray Sidlin (1988), Nicholas Uljanov (1996), Michael Christie (1998) og Benjamin Shwartz (2009).*

Dansinn gegnir lykilhlutverki í *West Side Story*. Þremur árum eftir frumflutninginn setti Bernstein saman hljómsveitarsvítu þar sem megnið af danstónlistinni hljómar auk helstu laganna. Spennuþrungið upphafið gefur tóninn fyrir það sem á eftir kemur. Eftir ástaróðinn *Somewhere* taka við tvö löng dansatriði, hið fyrra ágengt (milli hópanna tveggja), hið síðara undurblítt (milli elskendanna). Enn einn dansinn er flókin tónsmíð – fúga, þar sem raddirnar elta hver aðra svipað og í verkum Bachs þótt yfirbragðið hér sé auðvitað allt annað. Eftir blóðugan hápunkt kemur hægur útfararmars; hér hljóma hendingar úr *Somewhere* eins og fjarlæg minning um draum sem aldrei mun rætast.

Árni Heimir Ingólfsson

## Á döfinni

### Chopin og Nielsen



**Fim. 28. maí » 19:30**

Makedóníski píanósnillingurinn Simon Trpčeski hefur verið í hópi fremstu píanóleikara Evrópu síðasta áratuginn en sækir nú Ísland heim í fyrsta sinn. Hér leikur Trpčeski fyrri píanókonsert Chopins, sem tónskáldið samdi aðeins tvítugur að aldri. Árið 2015 verða liðin 150 ár frá fæðingu Carls Nielsen. Sinfóniur þessa þjóðartónskálds Dana eru á efnisskrám hljóm-sveita um allan heim. Sú fimmta er vinsælust þeirra allra og hljómar hér í túlkun finnska stjórnandans Pietari Inkinen, sem hefur margsinnis stjórnað SÍ við mjög góðar undirtektir áheyrenda.

Tónleikakynning Vínafélagsins hefst kl. 18.00 í Hörpuhorninu.

**Frédéric Chopin**

**Carl Nielsen**

*Píanókonsert nr. 1*

*Sinfónía nr. 5*

### Sumarblær með Dvořák

**Fim. 4. júní » 19:30**

Upphafsverk síðustu áskriftartónleika vetrarins er *Lér konungur*, glæsilegur forleikur sem Berlioz samdi í Nice. Hann var þá á heimleið eftir frægðarför um Ítalíu þar sem hann hlaut hin virtu Prix de Rome verðlaun. *Poltroons in Paradise* er splunkunýr konsert fyrir ásláttarhljóðfæri eftir Stewart Copeland sem er fyrrverandi trommuleikari bresku rokk-hljómsveitarinnar The Police. Melódíuflóð hinnar glaðlegu 6. sinfóníu Dvořáks setur endapunkturinn á tónleikana og fylgir tónleikagestum út í bjart sumarkvöldið.

**Hector Berlioz**

**Stewart Copeland**

**Antonín Dvořák**

*Lér konungur, forleikur*

*Poltroons in Paradise*

*Sinfónía nr. 6*

**Andrew Grams** hljóm-sveitarstjóri

**Dúó Harpverk** einleikarar

# Hljómsveit á tónleikum

13. maí 2015

## 1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir  
Sif Margrét Tulinius  
Zbigniew Dubik  
Bryndís Pálsdóttir  
Rósa Hrund Guðmundsdóttir  
Andrzej Kleina  
Margrét Kristjánsdóttir  
Pálína Árnadóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Martin Frewer  
Hildigunnur Halldórsdóttir  
Mark Reedman

## 2. FIÐLA

Ari Þór Vilhjálmsson  
Gunnhildur Daðadóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Roland Hartwell  
Greta Guðnadóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir  
Þórdís Stross  
Ingrid Karlsdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Dóra Björgvinsdóttir  
Kristín Björg Ragnarsdóttir

## VÍOLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Svava Bernharðsdóttir  
Sarah Buckley  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Móeiður Sigurðardóttir  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Kathryn Harrison  
Sesselja Halldórsdóttir  
Herdís Anna Jónsdóttir  
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson

## SELLÓ

Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Hrafnkell Orri Egilsson  
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir  
Margrét Árnadóttir  
Inga Rós Ingólfsdóttir  
Júlía Mogensen  
Lovísa Fjeldsted  
Bryndís Björgvinsdóttir

## BASSI

Hávarður Tryggvason  
Páll Hannesson  
Dean Ferrell  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Martial Nardeau  
Melkorka Ólafsdóttir  
Emilía Rós Sigfúsdóttir

## ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins  
Matthias Nardeau

## KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir  
Einar Jóhannesson  
Grímur Helgason  
Rúnar Óskarsson

## SAXÓFÓN

Sigurður Flosason  
Ingimar Andersen  
Ólafur Jónsson

## BANJÓ

Snorri Örn Snorrason

## FAGOTT

Michael Kaulartz  
Brjann Ingason  
Rúnar Vilbergsson

## HORN

Joseph Ognibene  
Emil Friðfinnsson  
Þorkell Jóelsson  
Lilja Valdimarsdóttir  
Ella Vala Ármannsdóttir

## TROMPET

Einar Jónsson  
Eiríkur Örn Pálsson  
Ásgeir Steingrímsson  
Guðmundur Hafsteinnsson

## BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson  
Oddur Björnsson  
David Bobroff, bassabásúna

## TÚBA

Nimrod Ron

## HARPA

Katie Buckley  
Elísabet Waage

## PIÁNÓ/CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir

## PÁKUR

Eggert Pálsson

## SLAGVERK

Steef van Oosterhout  
Frank Aarnink  
Árni Áskelsson  
Kjartan Guðnason  
Pétur Grétarsson

Arna Kristin Einarsdóttir framkvæmdastjóri  
Árni Heimir Ingólfsson listrænn ráðgjafi  
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi  
Grímur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri  
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Margrét Ása Jóhannsdóttir nota- og skjalavörður  
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir markaðs- og kynningarstjóri  
Greipur Gíslason verkefnastjóri  
Una Eyþórsdóttir mannauðsstjóri  
Valgerður Árnadóttir umsjónarmaður

*Seiðandi og kraftmikil tónlist Britten sækir innblástur í ólgandi Atlantshafið og lýsir fárviðri tilfinninganna sem magnast kringum skipstjórnann ógæfusama, Peter Grimes*


## Peter Grimes

Sinfóníuhljómsveit Íslands og Íslenska óperan flytja Peter Grimes ásamt alþjóðlegum stórsöngvurum í tónleikauppfærslu í Hörpu á Listahátíð í Reykjavík

22. maí KL. 19:30 í Eldborg



Stuart Skelton



Susan Gritton





Ólafur K. Sigurðarson



Daníel Bjarnason

Miðasala á [www.harpa.is](http://www.harpa.is)

Frumflutningur á Íslandi



Peter Grimes eftir  
Benjamin Britten  
Hljómsveitarstjóri:  
Daníel Bjarnason

Sinfóníuhljómsveit Íslands  
Kór Íslensku óperunnar

Einsöngvarar: Stuart Skelton, Susan Gritton,  
Ólafur Kjartan Sigurðarson, Hanna Dóra  
Sturludóttir, Hallveig Rúnarsdóttir, Lilja Guð-  
mundsdóttir, Snorri Wium, Viðar Gunnars-  
son, Ingveldur Ýr Jónsdóttir, Garðar Thór  
Cortes, Oddur Arnþór Jónsson & Jóhann  
Smári Sævarsson